

*Erindi Jóns Sigurðssonar  
á málþingi Seðlabanka Íslands og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands  
21. nóvember 2019*

## **Jónas H. Haralz: Brautryðjandi nútíma hagstjórnar á Íslandi**

Það er mér sérstök ánægja að taka þátt í þessu málþingi til þess að heiðra minningu Jónasar Haralz, en 6. október sl. voru 100 ár liðin frá fæðingu hans.

Á löngum og gifturíkum starfsferli lét Jónas mikið að sér kveða á mörgum sviðum íslensks samfélags. Hann var einn þeirra sem settu svip á öldina sem leið í íslensku þjóðlífi. Jónas var skarpskyggn og athugull hagfræðingur og ötull talsmaður efnahagslegra og félagslegra umbóta alla ævi.

Að loknu námi í hagfræði við Stokkhólmsháskóla 1944 sneri Jónas heim til Íslands í stríðslok. Heimkominn gekk hann til liðs við Sósíalístaflokkinn og starfaði sem hagfræðingur hjá Nýbyggingaráði og Fjárhagsráði, þ.e.a.s. í stjórnstöðvum hafta- og leyfakerfisins sem þá var við lýði. Eftir fimm ára starf á þeim vettvangi – og jafnlengi sem virkur þátttakandi á vinstri væng íslenskra stjórn mála – hafði Jónas fengið sig fullsaddan á vandræðaganginum í stjórn efnahagsmála og kreddu trú félaga sinna í Sósíalístaflokknum. Hann réði sig svo árið 1950 til starfa

hjá Alþjóðabankanum í Washington, þar sem hann fékk skjótan frama og voru falin vandasöm verkefni, einkum í sendinefndum bankans gagnvart Mexíkó, Mið-Ameríkuríkjum og Perú. Á þessum árum tileinkaði Jónas sér vönduð vinnubrögð starfsliðs Alþjóðabankans við mat á efnahagsstöðu og horfum fyrir þjóðabúskap þessara ríkja með heildarsýn á þær hagstjórnarumbætur og aðgerðir sem þörf væri á til að ná viðunandi jafnvægi í efnahag þeirra. Í þessum löndum kynntist Jónas enn frekar þeim vandkvæðum og hættu á spillingu sem getur fylgt miðstýrðum hafta- og styrkjakerfum.

Þótt hann ætti án efa vísan frekari frama innan Alþjóðabankans leitaði hugurinn samt ætíð heim – og 1957 féllst Jónas á að taka við starfi sem efnahagsráðunautur vinstristjórnar Hermanns Jónassonar, þótt hann hefði efasemdir um vilja hennar og getu til að hverfa frá flóknu og íþyngjandi kerfi fjölgengis, styrkja og hafta við stjórn efnahagsmála, sem þá var í algleymingi.

Ég er viss um að aðild Gylfa Þ. Gíslasonar að ríkisstjórninni 1957 – en hann var þá menntamálaráðherra og sá jafnframt um utanríkisviðskiptamál innan ríkisstjórnarinnar – stuðlaði að því að Jónas þekktist boðið að verða efnahagsráðunautur stjórnarinnar. Hann varð svo ráðuneytisstjóri

viðskiptaráðuneytisins frá 1958 til 1961, ráðuneytisstjóri  
efnahagsráðuneytisins 1961-1962 og loks forstjóri  
Efnahagsstofnunar 1962-1969.

Hann var því í reynd helsti efnahagsráðunautur ríkisstjórna í  
tölf ár, 1957-1969, og hafði mótandi áhrif á hagstjórn á Íslandi  
allan þann tíma og reyndar miklu lengur.

En það var ekki fyrr en undir blálök sjötta áratugarins sem  
pólítískar forsendur voru fyrir þeirri gagngeru stefnubreytingu  
að hverfa frá hafta- og styrkjastefnunni til aukins frjálsræðis í  
viðskiptum bæði innan lands og milli landa.

### **Viðreisnin**

Þær forsendur fengust þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og  
Alþýðuflokks var mynduð og tók við völdum í nóvember 1959  
undir forsæti Ólafs Thors. Ríkisstjórnin, sem nefnd hefur verið  
Viðreisnarstjórnin, lagði þegar fram ítarlega og róttæka  
aðgerðaskrá til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum.  
Jónas Haralz og Jóhannes Nordal voru helstu ráðunautar  
Viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum, bæði meðan á  
myndun hennar stóð og eftir að hún tók til starfa.

Viðreisnarstjórnin gerði þá grundvallarbreytingu á  
efnahagskerfinu, að taka upp eitt gengi á krónunni í stað

fjölhengis og ákvað að miða skyldi gengið við það að jafnvægi gæti náðst og haldist í utanríkisviðskiptum. Um leið var felld niður kerfi útflutningsbóta og innflutningsgjalda sem hafði að mestu rofið tengslin milli erlends markaðsverðs og innlends verðlags og þannig komið í veg fyrir aðlögun að nýjum aðstæðum og hindrað eðlilega umbreytingu og eflingu atvinnuveganna. Í þessum aðgerðum fólst líka veruleg lækkun á gengi krónunnar. Jafnhliða voru gjaldeyris- og innflutningshöft afnumin í áföngum í eins ríkum mæli og frekast var unnt. Gildandi vöruskiptasamningar við nokkur lönd, einkum í Austur-Evrópu, ollu þó því að enn var innflutningur samkvæmt þeim háður leyfum. Þetta var öðru fremur gert til þess að binda þennan innflutning við jafnkeypislöndin – í raun til að tryggja íslenska útflutningshagsmuni. Þessum aðgerðum á sviði gengis- og gjaldeyrismála var svo fylgt eftir með því að freista þess að halda aftur af útlánum bankanna svo að þau yrðu hamin innan þeirra marka sem framleiðsluaukning þjóðarbúsins setti. Undanfarin ár höfðu útlánin aukist úr hófi fram. Í sama skyni var það markmið ríkisstjórnarinnar að ekki yrði halli á ríkissjóði. Til þess að ná því marki var ný tekjuöflun nauðsynleg. Niðurstaðan varð sú að lagður skyldi á nýr skattur, söluskattur.

Til þess að tryggja að viðreisnarráðstafanirnar yrðu í heild sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi ákvað ríkisstjórnin að hækka verulega bætur almannatrygginga, afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings, koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll og endurskoða skattakerfið í því skyni að lækka – og helst afnema – tekjuskatt á venjulegar launatekjur.

Orðfærið er næsta kunnuglegt úr umræðum um efnahagsmál síðustu ára og áratuga.

Ríkisstjórnin ákvað einnig að láta gera árlega þjóðhagsáætlun sem skyldi verða leiðarvísir stjórnvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum. Hún ákvað að beita sér fyrir eflingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til að hagnýta náttúruauðlindir landsins. Hafist var handa um uppbyggingu orkufreks iðnaðar og hafinn undirbúningur viðræðna við markaðsbandalögin í Evrópu. Þegar á heildina er litið var hér um að ræða víðtækustu efnahagsráðstafanir sem nokkurn tíma hafði verið gripið til á Íslandi. Enda átti vandinn sem þeim var ætlað að leysa sér djúpar rætur, því að raunveruleg orsök vandans var þrjátíu ára haftabúskapur.

Viðreisnarstjórnin gerði sér grein fyrir því að land sem byggi áfram við haftakerfi gæti ekki orðið aðili að viðskiptasvæðunum

tveimur sem þá voru í mótun í Vestur-Evrópu, annars vegar Evrópubandalaginu, EBE, og hins vegar Evrópska fríverslunarsvæðinu, EFTA. Góð tengsl við þessi viðskiptasvæði voru – og eru – Íslendingum lífsnauðsynleg. Þess vegna var hafin vinna við undirbúning samninga við evrópsku markaðsbandalögin. Aðild Íslands að EFTA og víðtækir viðskiptasamningar við Evrópubandalagið var svo hvort tveggja staðfest í byrjun næsta áratugar.

Viðreisnin færði íslensk efnahagsmál vissulega nær þeirri skipan sem á var víðast í Vestur-Evrópu. En þegar að er gáð gengu þessar ráðstafanir þó helst til skammt. Verðlagshöft héldust enn óbreytt um margra ára skeið. Vextir voru lítt hreyfanlegir og lutu ákvörðunum stjórnvalda, en ekki framboði og eftirspurn. Gjaldeyrisverslun, þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa voru ekki gefnar frjálssar. Útflutningur sjávarafurða var áfram háður leyfi stjórnvalda. Þetta fól í reynd í sér einkaleyfi fyrir helstu útflytjendur. Strangar hömlur héldust á erlendri fjárfestingu. Landbúnaðarstefna sem byggðist á niðurgreiðslum innlends vöruverðs, útflutningsuppbótum og innflutningsbanni á

búvörum hélst óbreytt. Hagstjórnarhugmyndir frá kreppuárunum milli stríða reyndust furðu lífseigar.

### **Framhald viðreisnarstefnunnar**

Það er ekki fyrr en í lok níunda og í upphafi tíunda áratugar liðinnar aldar að brotið er í blað á ný í frjálsræðisátt. Frelsi til fjármagnsviðskipta bæði innanlands og milli landa var aukið í áföngum. Verðlags- og samkeppnismál voru færð í betra horf en áður. Beiting vaxta fékk aukið hlutverk við stjórn peningamála. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, knúði svo á um frekari breytingar í frjálsræðisátt. Einn mikilvægasti áfanginn á þessari vegferð var án efa að frelsi til gjaldeyrisverslunar og langtímafjármagnshreyfinga milli Íslands og annarra landa var komið á með reglugerð sumarið 1990. Í kjölfarið voru gerðar árið 1992 breytingar á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum um Seðlabanka Íslands. Með þeim var frelsi í gjaldeyrisviðskiptum gert að meginreglu hér á landi og leiðin vörðuð að afnámi síðustu gjaldeyrishaftanna á næstu misserum. Vorið 1993 tóku svo gildi nýjar reglur um gjaldeyrismarkað sem fólu það í sér að Seðlabankinn skyldi halda gengi krónunnar innan tiltekinna marka frá viðmiðunargengi með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri á markaði, en ekki með einhliða

ákvörðun. Enn fremur skyldi hann beita stjórnækjum sínum í peningamálum til að hafa áhrif á skammtímavexti í landinu og þannig á framboð og eftirspurn eftir gjaldeyri.

Enn er þó mikið verk að vinna á þessu sviði og nægir að nefna landbúnaðarstefnuna sem enn stendur að verulegu leyti óhöggud. Gjalddeyrishöftin sem sett voru til að bregðast við fjármálakreppunni 2008 fólu svo vitaskuld í sér mikið frávík frá meginstefnunni um frjáls viðskipti. Þau viku meginreglunni um frelsi til fjármagnshreyfinga milli Íslands og annarra landa til hliðar. Sem betur fer fundust leiðir til þess að afnema gjalddeyrishöftin í áföngum án þess að efnahags- og fjármálastöðugleika væri teflt í tvísýnu. Þar var vel að verki staðið hjá ríkisstjórnnum og seðlabankastjórn frá árinu 2009 til líðandi stundar.

### **Sjálfstæður seðlabanki**

Það var hluti þeirrar aðgerðaáætlunar sem viðreisnarstjórnin lagði fram í upphafi að komið skyldi á fót sérstökum seðlabanka, án tengsla við helsta viðskiptabanka þjóðarinnar, Landsbankann, eða aðra viðskiptabanka, en seðlabanki hafði frá árinu 1957 verið sérstök deild í Landsbankanum. Ríkisstjórnin fól viðskiptaráðherranum, Gylfa Þ. Gíslasyni, ásamt Jóhannesi



Nordal og Jónasi Haralz að semja frumvarp um stofnun sjálfstæðs seðlabanka. Fyrra fyrirkomulag hafði m.a. verið gagnrýnt fyrir það að seðlabankadeild Landsbankans hefði ekki sýnt nægilegt aðhald að útlánum, einkum að því er snerti endurkaup afurðalána. Annað mikilvægt nýmæli í frumvarpinu, sem varð að lögum 1961, var að seðlabankinn skyldi hafa eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Þessar breytingar voru til mikilla bóta og til þess fallnar að efla traust á stjórn peningamála. Mjög var um það rætt hvert sjálfstæði seðlabankans gagnvart ríkisstjórninni skyldi vera. Ekki var þó deilt um það að Alþingi kysi bankaráð eða það að ráðherra bankamála skipaði þriggja manna bankastjórn. Hins vegar voru skiptar skoðanir um það hver skyldi vera réttur bankastjórnar til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um stjórn peningamála, jafnvel þótt þær væru í andstöðu við vilja ríkisstjórnar. Niðurstaðan varð sú að bankinn skyldi hafa nána samvinnu við ríkisstjórn um stjórn peningamála og gera henni grein fyrir skoðunum sínum. Bankanum væri sem sjálfstæðum og sérfróðum aðila rétt að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn væri að ræða. Endanlegt vald til að

móta stefnu í efnahagsmálum hlyti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórn, og undir það hlyti seðlabankinn að beygja sig. Sumum gagnrýnendum seðlabankafrumvarpsins, sem varð að lögum 1961 – þeirra á meðal Ólafi Jóhannessyni, síðar forsætisráðherra – fannst þessi ákvæði í reynd gera bankann háðari ríkisstjórn en verið hafði, og betur færi á því að skipta valdi í peninga- og gjaldeyrismálum skýrar milli aðila, þannig að seðlabankinn fengi eigin valdheimildir á afmörkuðu sviði. Lagaákvæðin hvað þetta varðar, héldust þó efnislega nánast óbreytt í fjörutíu ár frá 1961, eða þar til ný seðlabankalög voru sett árið 2001. En með þeim lögum var seðlabankanum sett eitt meginmarkmið – að stuðla að stöðugu verðlagi – og honum jafnframt gefin heimild til þess – að fengnu samþykki ráðherra – að lýsa yfir tölusettu verðbólgu­markmiði.

Árið 2013 var fjármálastöðugleika með lögum bætt við markmið Seðlabankans og er nú jafnsettur markmiðinu um stöðugt verðlag.

Í nýsettum Seðlabankalögum nr. 92. 2019 má þó enn finna leifar af ákvæðunum frá 1961 þar sem segir að Seðlabankinn skuli „stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum“, en þessi setning er svo skilyrt með mikilvægri

viðbót: „enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans“ – þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi og fjármálastöðugleika. Með þessum ákvæðum er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn mun skýrar skilgreint en fyrr að því er varðar þessi tvö helstu markmið. Spurningin um það hversu sjálfstæður seðlabankinn skuli vera gagnvart ríkisstjórn er reyndar eitt þeirra álitaefna á sviði peningamála sem seint verða endanlega útkljáð. Forsenda fyrir sjálfstæði seðlabanka verður þó ávallt að ábyrgð hans og upplýsingaskylda gagnvart þjóðkjörnum fulltrúum sé skýrt mörkuð í löggjöf.

### **Eftirleikur fjármálakreppunnar 2008**

Fjármálakreppan sem skall á 2007-2008 færði okkur heim sanninn um það að peningamálastefnan sem ruddi sér til rúms víða um lönd á áratugnum fram að kreppunni og einblíndi á markmið um litla verðbólgu, sem freistað skyldi að ná með vaxtabreytingar einar að vopni, gat ekki tryggt þann stöðugleika sem eftir var sóst. Með því að einblína á verðbólgu markmið við mótun og framkvæmd peningamálastefnu á sama tíma og opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi einskorðaðist þröngt við það að líta eftir því að hvert einstakt fjármálafyrirtæki fylgi lögformlegum varúðarreglum– er hætt við því að menn sjái ekki

skóginn fyrir trjám. Það þarf að líta eftir fjármálakerfinu í heild og tengslunum milli fyrirtækjanna innan þess – auk tengslanna milli fjármálakerfis og raunhagkerfis. Sé þessa ekki gætt myndast gloppa í heildarstjórn peningamála og fjármála sem getur komið mönnum í koll. Í aðdraganda fjármálakreppunnar var þessu einmitt þannig farið hér á landi eins og víða annars staðar. Þjóðir heims leitast nú við að fylla þessa viðsjárverðu gloppu í stjórnkerfinu með viðbúnaði til þess að koma í veg fyrir að fjármálakreppa hvolfist yfir á ný – eða að minnsta kosti draga úr hættu á því. Þáttur í þessari viðleitni er að fela seðlabanka og fjármálaeftirliti með skýrum og ótvíræðum ákvæðum í lögum að stuðla að fjármálastöðugleika – stöðugleika fjármálakerfisins í heild – og því að efla viðnámsþrótt þess og draga úr kerfisáhættu. Þar með eru lögbundin meginmarkmið seðlabankans orðin tvö. Til þess að sinna þessu tvíþætta verkefni duga ekki vextirnir einir, þótt ef til vill hefði mátt nota þá með virkari hætti til að hamla gegn bólumyndun en gert var í aðdraganda fjármálakreppunnar. Til þurfa að koma ný tæki, þjóðhagsvarúðartæki, sem hamla gegn óhóflegum vexti útlána og skuldsetningar í heild. Hér koma ýmis tæki til álita, svo sem kröfur um hagsveiflujafnandi eiginfjárlutföll

fjármálafyrirtækja, breytilegar eiginfjárkröfur til þeirra eftir greinum viðskipta, beinar takmarkanir á skuldsetningarhlutföll, veðhlutföll og greiðslubyrði lántakenda. Við framkvæmd slíkrar stefnu þarf traust samstarf fjármálaeftirlits og seðlabanka. Þessu skipulagi hefur nú verið rækilega komið á með nýsettum lögum sem samþætta seðlabankann og fjármálaeftirlitið í einni stofnun. Það er afar mikilvægt að seðlabanki og fjármálaeftirlit fylgist af skarpri athygli með lánakerfinu sem heild og leiti leiða – og beiti þeim – til að hamla gegn óhóflegum vexti útlána og skuldsetningar í hagkerfinu – ekki síst skuldsetningar fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Til þess að framkvæma slíka stefnu þarf nánara samstarf ríkisstjórnar, seðlabanka og eftirlitsaðila en verið hefur. Peningamálastjórn með verðbólguþolmiði er í eðli sínu tæknilegra og sérfræðilegra – og um leið reyndar einfaldara – verkefni – en framkvæmd fjármálastöðugleikastefnu. Fjármálastöðugleiki er fjölþætt markmið og oft viðkvæmara á pólitíska vísu en verðbólguþolmiðið eitt og sér. Framundan eru án efa breytingar á þessu sviði stjórnarfars hér á landi eins og annars staðar, breytingar sem munu kalla á nýja skilgreiningu á sjálfstæði seðlabanka.

## **Brautin rudd fyrir nútímahagstjórn**

Ráðgjöf Jónasar Haralz á löngum ferli átti snaran þátt í mótun þess stofnana- og upplýsingakerfis um efnahagsmál sem við búum að í dag.

Með valdatöku viðreisnarstjórnarinnar 1959 fékk Jónas sem efnahagsráðunautur og sérstakur trúnaðarmaður Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar tækifæri til að beita kröftum sínum, reynslu og þekkingu til að móta nýja efnahagsstefnu frjálsra viðskipta og markaðsbúskapar. Árangursríkt starf Jónasar sem efnahagsráðgjafi ríkisstjórna um langt árabil ruddi brautina fyrir endurbætur á sviði hagstjórnar sem Íslendingar búa enn að. Þetta mikla átak á viðreisnarárunum verður lengi í minnum haft. Hinn langi og farsæli ferill Jónasar sem bankastjóri Landsbankans frá 1969 til 1988 og margvísleg störf hans á vegum Alþjóðabankans eru ekki síður til marks um það mikla traust sem hann naut bæði hér á landi og erlendis. Hann tókst á við vandamál samtíðar sinnar af djörfung og leitaðist jafnan við að skoða þau í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Ævi hans var hugmyndasögulegt ferðalag og honum tókst með sínum mikla sannfæringarkrafti að

sannfæra bæði sjálfan sig og aðra um yfirburði lýðræðislegs markaðsbúskapar.

### **Fjölbreytt viðfangsefni**

Eins og nærri má geta voru Jónasi falin – auk forystu í efnahags- og bankamálum – mörg önnur vandasöm trúnaðarstörf sem eru alltof mörg upp að telja. Ég vil hér aðeins nefna eitt dæmi sem er formennska hans í Háskólanefnd sem skipuð var 1966 og skilaði skýrslu sinni og tillögum um eflingu Háskóla Íslands í september 1969. Skýrsla Háskólanefndar markaði tímamót í sögu Háskólans. Með henni voru í fyrsta sinn lögð drög að heildstæðri almennri áætlun um þróun og framtíð skólans næstu áratugi. Starf nefndarinnar var mikið áhugamál Gylfa Þ. Gíslasonar, þáverandi menntamálaráðherra. Jónasi var falið forystuhlutverkið í Háskólanefndinni í nokkurs konar framhaldi af starfi sem hann hafði áður unnið fyrir Gylfa í viðskiptaráðherratíð hans. Það starf hafði snúist um menntamálaáætlun OECD. Í framhaldi af skýrslu Háskólanefndar var gert átak til að auka fjárveitingar til Háskólans og fóru þær vaxandi á næstu tveimur áratugum – þ.e. þeim áttunda og níunda – bæði sem hluti af landsframleiðslu og ríkisútgjöldum, í samræmi við stefnumörkun Háskólanefndar.

## Öflugur stjórnandi

Fundum okkar Jónasar bar fyrst saman þegar hann bauð mér til samtals við sig á skrifstofu sinni í febrúar 1964. Niðurstaða þessa samtals varð að hann réði mig þegar til starfa hjá Efnahagsstofnun, eiginlega beint frá prófborði í hagfræði við Stokkhólmsháskóla. Ég var svo lánsamur að starfa undir leiðsögn Jónasar í Efnahagsstofnun í fimm ár og starfa með honum eftir það um áratugabil á ýmsum vettvangi. Samvinnan við Jónas varð mér dýrmæt reynsla. Sem yfirmaður færði hann með sér frábæra hagfræðikunnáttu og djúpan skilning á samfélaginu og sögu þess en jafnframt reynslu og tengslanet frá löngu starfi hjá Alþjóðabankanum og á vegum hans í mörgum löndum. Jónas var sannkallaður lærimeistari og leiðbeinandi. Honum var einkar vel lagið að fjalla um efnahagsvanda líðandi stundar með ljósum og skiljanlegum orðum og af yfirgripsmikilli þekkingu. Hann var öflugur stjórnandi sem fór fyrir sínum samstarfsmönnum bæði með eigin vinnusemi og hvatningarorðum. Auk alls þessa hafði hann reynslu af virkri þátttöku í stjórnámálum, fyrst meðal sósíalista og síðar – eftir að hann hvarf úr starfi sem forstjóri Efnahagsstofnunar – innan Sjálfstæðisflokksins. Hann var um tíma formaður



efnahagsnefndar Sjálfstæðisflokksins og var í miðstjórn þess flokks 1975 til 1987, en naut virðingar og trausts þvert á flokkalínur fyrir hæfileika sína og hlutlægni.

Jónas var afkastamikill við ritstörf alla ævi – lengst af við hlið embættisanna – en hann var ekki síður maður hins talaða orðs. Skýrleiki og sannfæringarkraftur einkenndi ræðu hans alla tíð.

Eftir að Jónas lét af starfi sem bankastjóri Landsbankans 1988 var það mér sem þáverandi viðskiptaráðherra heiður og ánægja að nefna hann fyrir Íslands hönd til starfs aðalfulltrúa Norðurlanda í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans til næstu næstu þriggja ára. Frá því starfi hvarf hann 1991 og hóf þá ráðgjafar- og ritstörf af sama kappi og fyrr, bæði vestan hafs og austan. Hann gerðist söguritari Alþjóðabankans og alþjóðaðróunarsamstarfs. Snemma á fyrsta áratug þessarar aldar skráði hann m.a. sögu Norræna þróunarsjóðsins sem var tengdur Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors. Þar lágu leiðir okkar saman enn á ný. Allt fram á síðustu æviár voru skrif hans jafnskýr og greinargóð og fyrrum og sannfæringarkrafturinn samur og þegar hann réði mig til starfa í Efnahagsstofnun árið 1964.